

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ


Saman látum við hjólin snúast



GRUNNNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

- BA í lögfræði
- BSc í byggingafræði
- BSc í íþróttافرæði
- BSc í sálfræði
- BSc í tækniفرæði
- BSc í tölvunarفرæði
- BSc í verkفرæði
- BSc í viðskiptaفرæði
- Diplómanám í iðnفرæði
- Diplómanám í kerfisفرæði

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

HEIÐAR AUSTMANN FÆR SÍMTÖL FRÁ GÖMLUM VINUM Í ÞESSARI VIKU



Mynd/Kristinn

Skemmtilegasti tími ársins

Heiðar Austmann hlakkar til að dæla út *Hlustendaverðlaunum FM957* í Hörpunni.

Hlustendaverðlaun FM957 verða haldin á laugardagskvöld við hátíðlega athöfn í Hörpunni. Heiðar Austmann hefur staðið að verðlaununum frá árinu 2000 svo hann er sannkallaður reynslubolti þegar kemur að því að verðlauna íslenskt tónlistarfólk. „Hátíðin í ár verður risastór og þá er ég ekki að ýkja því við erum auðvitað að fara í Hörpuna sem er flottasta hús landsins,“ segir Heiðar spenntur fyrir hátíðinni sem var haldin í fyrsta skipti árið 1999 og þá á örlítið minni stað, hinum fornfræga Astró. „Þetta er líka stærsta hátíðin okkar í þeim skilningi að við höfum aldrei verið með svona mikið af fólki í salnum sem áhorfendur,“ bendir hann á og segist auðveldlega gera ráð fyrir að 700 manns mæti á hátíðina.

Allir vilja fá miða

Heiðar segir stemninguna fyrir hátíðinni einkar góða í ár. „Hún verður meiri og meiri eftir því sem nær dregur hátíðinni,“ útskýrir hann og bætir við að síminn stoppi varla í hljóðveri FM957 þessa dagana því allir vilji fá miða á þennan stórviðburð. „Ég er núna farinn að heyra í fólki sem ég heyrir mjög sjaldan í af því að þetta eru svo eftirsóttir miðar og stór hátíð,“ segir hann og bendir á að slík símtöl eigi til að berast í kringum svona viðburði. „Maður finnur alltaf að maður er með verðmætan hlut í höndunum þegar maður er farinn að heyra í gömlum „vinum“ og jafnvel ættingjum upp úr þurru,“ segir hann og hlær.

Villist alltaf í Hörpunni

Verðlaunahátíðin verður haldin í salnum Silfurbergi í Hörpunni og segist Heiðar mjög spenntur fyrir að hafa hátíðina í tónlistarhúsinu fræga. „Þetta hús er alveg geggað,“ segir hann og bætir við að hann hafi alltaf týnst þegar hann komi inn í húsið. „Það segir mikið um stærðargráðu hússins nema ég sé bara svona hrikalega áttaviltur,“ segir Heiðar í gríni. „Ég hlakka mikið til að hafa hátíðina í Hörpu og ég held það skapi margar minningar fyrir okkur,“ segir hann og bætir við að hátíðir fyrri ára hafi allar verið mjög skemmtilegar og eftirminnlegar. „Þetta er alltaf skemmtilegasti tími ársins að mínu mati.“

Feitast í blaðinu

FM Belfast í spjalli. Studhjómssveitin góða er að fara að halda dómsdagsdansleik. >>>4

Draugar fortíðar. Monitor skoðar gamlar myndir af þekktum Íslendingum. >>>6

Stórstjórnutvifarar. Vissir þú að Wil Ferrell og Chad Smith eru eins og tvíburar. >>>8

Sara Björk Gunnarsdóttir í viðtali. Hún ætlaði sér alltaf að verða best. >>>12

Stíllinn spjallar við Kristínu Aðalsteinsdóttur sem langar mest að búa í Versólum. >>>16

Efst í huga Monitor

Stúdentar og stúdínur

Nú um helgina útskrifast fjöldinn allur af efnilegu fólki úr framhaldsskólum landsins. Áframhald verður svo á brautskráningum síðustu helgina í maí. Þó að Monitor sé ekki nema rétt rúmlega eins árs hefur það samt sem áður marga fjöruna sopið og þekkir þá góðu tilfinningu að taka við prófskríteininu og samfagna með félögum og vinum. Monitor vill því nota tækifærið og óska öllum verðandi stúdentum til hamingju með þennan stóra áfanga. Monitor vonar að allir skemmti sér konunglega en fari jafnframt varlega í gleðinni því að víða leynast hætturarnar. Hér er nokkur góð ráð sem hafa skal í huga þegar gott húllumhæ er í uppsiglingu.

1) Mundu að tannbursta þig eftir veisluna áður en þú ferð í bæinn. Það getur verið ansi óheppilegt að uppgötva þegar þú ert að ræða við einhvern sætan einstakling í bænum að þú sért með hálfan snittu í framtönninni. Ef þú klikkar fáðu þá tyggjó hjá næsta manni.

2) Settu á þig góðan ilm. Það er alveg sérstakt andrúmsloft í bænum á svona útskriftarhelgum. Fólk er svo bjartsýnt og lífsglatt og tilbúið í flestar



áskoranir. Það er því ansi líklegt að einhverjir neistar kvikni og þá er mikilvægt að ilma vel. Ilmurinn laumast inn í undirmeðvitundina og skilur eftir sig enn sælli minningu fyrir vikið.

3) Mundu eftir húfunni. Ef þú útskrifast með stúdentshúfu þá er mjög mikilvægt að taka hana með í bæinn. Ástæðan er einföld. Húfan einfaldar inngöngu inn á alla staði, jafnvel þó þú sért undir lögaldri. Með húfunni færðu líka mun fleiri hamingjuóskir en slíkar óskir bæta sjálfstraust og almenna gleði.

Njótiði stundarinnar, lömbin mín. Ykkar vinur, Monitor.

Monitor mælir með

Í BÍÓ

Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides er heimsfrumsýnd í þessari viku og er þar á ferðinni ein af sumarmyndunum í ár. Þetta er fjórða myndin um Jack Sparrow og félagar og fer Johnny Depp á kostum eins og ávallt. Monitor verður í sjóræningjaskapi og ætlar að gefa miða á myndina, boli og fleira skemmtilegt.



Á VELLINUM

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir Búlgaríu á Laugar-dalsvelli á fimmtudagskvöld klukkan 19:30. Þetta er fyrsti leikurinn í undankeppninni fyrir Evrópumótið í knattspyrnu, en stelpurnar komust í úrslitakeppnina þegar mótið var haldið síðast í Finnlandi árið 2009. Tilvalið að kíkja á völinn nú þegar sólin skín (vonandi).




Í MALLANN

Ísbúðin í Garðabæ er í miklu uppáhaldi hjá Monitor um þessar mundir. Þar er hægt að fá allar mögulegar tegundir af ís og gúmmelaði. Um mánaðamótin verður ísbúðin svo opin til tvö á nóttunni á föstudögum og laugardögum og hvað er skemmtilegra en að fara í næturisbíltúr?



Vikan á...

facebook



Vala Grand Ætla að deleta alla sem ég þekki ekki eftir smá stund nenni ekki bua til nýja facebook svo ég vara ykkur við ef ég þekki ekki ykkur ekkert neitt þá svo sorry taktu þetta ekki persónulegt ÞAÐ ÞARF ALLTAF EITTHVERN AÐ SKEMMA FYRIR AÐRA

18. maí kl. 13:07



Nilli Afhverju eru statusarnir mínir aldrei í Monitor? Björn Bragi Arnarsson?

16. maí kl. 23:03



Ragnhildur Steinunn Jonsdóttir KOMIN Í GLITRANDI EURO-SKAP!!!!

OG TILBÚIN AÐ HEILSA EVRÓPUBÚUM MEB BROSÍ Í STIGAGJÖFINNI ;)

14. maí kl. 16:45



Egill Einarsson Ég bað um jafntefli, fékk það! 19-18! Sorry Liverpool!

Man.Utd sigursælasta lið Englands! CHAMPIONS!!

14. maí kl. 13:37

SÍÐASTA TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ DANSKA

FM Belfast og Prins Póló halda dómsdagsdansleik á Nasa föstudagskvöldið 20. maí. Monitor ræddi við Árna Vilhjálmsson, liðsmann FM Belfast, um ábyrgðina sem fylgir slíkum tónleikum.



Hvenær áttuðuð þið ykkur á að dómsdagur væri í uppsiglingu? Ég las einhverja frétt um þetta fyrir nokkrum vikum og var reyndar búinn að gleyma því þar til Svavar Pétur í Prins Póló minnti mig á að dómsdagur yrði 21. maí.

Finnst ykkur eins og þið berið ábyrgð á að fólk verði í stuði þegar stóra stundin kemur? Eftir á að hyggja er þetta mjög stór ákvörðun að halda síðustu tónleikana fyrir heimsendi og við erum komin í mjög stórt hlutverk.

Hver er helsti munurinn á dómsdagsdansleik og venjulegum dansleik? Ég held að þeir sem mæta á dómsdagstónleika muni

sletta úr klaufunum eins og þetta sé síðasti dansleikurinn í heiminum. Enn meira en ef þetta væri venjulegur dansleikur það er að segja. Fólk mun svitna meira, dansa meira og hoppa meira. Allir munu nota líkamann eins og þeir séu að nota hann í síðasta skipti, útjaskaðir líkamar munu ganga út af Nasa eftir dansleikinn.

Hvernig heldur þú að dómsdagur verði? Þeir eru eitthvað búnir að tala um að það verði jarðskjálftar og að hinum kristnu verði bjargað. Mér skilst samt að jarðskjálftinn muni fara framhjá okkur, mjög lúmskt en það verði dómsdagur engu að síður. Gaurinn sem er búinn að reikna þetta út er að minnsta kosti geðveikt gáfaður og

mikið menntaður svo hann hlýtur að hafa eitthvað til síns máls.

Hvað ef laugardagurinn 21. maí verður svo bara venjulegur laugardagur? Þá getum við að minnsta kosti litið til baka á tónleikana og verið ánægð með að við djömmuðum eins og þetta væri síðasta djammaði. Við sigrum því sama hvað gerist.

Hvað er framundan hjá sveitinni ef heimurinn endar ekki á laugardaginn? Platan okkar kemur út 3. júní og við erum að fara til Þýskalands að kynna útgáfuna núna í lok maí. Svo taka við nokkrar stuttar ferðir í júní og langur túr í júlí.

SUMARLEIKUR HLEÐSLU Á FÉSBÓK



Í HVERJUM MÁNUÐI
VERÐA EFTIRTALDIR
VINNINGAR Í BOÐI:



2
IPOD NANO
SEM HENTAR VEL
Í LÍKAMSRÆKTINA



2
GARMIN
FORERUNNER 305



10
HLEÐSLUTÖSKUR
FULLAR AF HLEÐSLU

2 FJALLAHJÓL



MARKID



50 KASSAR
AF HLEÐSLU

SENDU INN MYND AF ÞÉR MEÐ HLEÐSLU Á FÉSBÓK OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA.

TIL AÐ TAKA ÞÁTT ÞARFTU BARA EINN
HLEÐSLUDRYKK OG MYNDAVÉL.
ÞÚ HLEÐUR MYNDINI Á VEGGINN
Á FÉSBÓKARSÍÐU HLEÐSLU OG SETUR
NAFNID ÞITT UNDIR.
FYRSTA HVERS MÁNAÐAR (JÚNÍ, JÚLÍ,
ÁGÚST) VERÐA VALDAR SKEMMTILEGUSTU
MYNDIRNAR SEM HLJÓTA GLÆSILEGA
VINNINGA.

AÐ LOKUM (1.-10. ÁGÚST) VERÐUR
BESTA MYND SUMARSINS VALIN
OG HLÝTUR VINNINGSHAFINN
FLUGMIÐA FYRIR TVO TIL EVRÓPU.

NY
BRAGÐ-
TEGUND
KÓPOS OG
SÚKKULADI



ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
UM LEIKINN Á FÉSBÓK -

 facebook.com/hledsla

BESTA MYND SUMARSINS VINNUR
FLUGMIÐA
FYRIR TVO TIL EVRÓPU

ICELANDAIR

HLEÐSLA | 100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

WWW.MS.IS


*VINNINGSMYNDIR MÁNAÐARINS VERÐA NOTAÐAR TIL AÐ AUGLÝSA LEIKINN ÁFRAM Í SUMAR. MEÐ SAMÞYKKI ÞÁTTTAKENDA.

ISLENSKA STAÐ 854 3977 6311



HÓPURINN ÚR 70 MÍNÚTUM

Sjónvarpsþátturinn 70 mínútur, sem sýndur var á hinu sáluga PoppTívi, var einn allra vinsælasti skemmtiþáttur landsins um og eftir aldamótin. Þessi mynd er tekin árið 2003 þegar þeir Jói og Auði voru loðnari um hausinn og Sveppi og Simmi nokkrum kílóum léttari. Þarna eru þeir félagar að taka á móti gulldisk fyrir sölu á DVD-útgáfu þáttanna.



SKÍTA-MÓRALL

Svona leit hljómsveitin Skítamóráll út árið 1997 þegar bandið var vinsælasta poppsveit landsins og átti vinsælasta popplag þess árs, Farin. Meðlimir sveitarinnar eru flestir að vinna í tónlist á einn eða annan hátt enn í dag. Gunnar Ólason keppti í Eurovision á dögnum, Addi Fannar var nýlega ráðinn verkefnastjóri tónlistarvöðuburða í Hörpu og Einar Ágúst er útvarpsmaður á Kananum.

DRAUGGAR FORTÍÐAR

Monitor kafaði í myndasafn Morgunblaðsins og skoðaði gamlar myndir af þekktum Íslendingum. Sumir þeirra hafa breyst meira en lítið skemmtilega.



ARI ELDJÁRN

Þótt einhverjir gætu haldið að þetta sé fermingarmyndin af Ara Eldjárn er það aldeilis ekki rétt. Myndin er tekið árið 2003 þegar grínhöfðinginn var 22 ára.



MAGNI

Þessi mynd var tekin þegar Magni tróð upp með hljómsveit sinni. Á móti sól, í Skautahöllinni árið 2000. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og hárunum á hausnum fækkað til muna.




HREIMUR

Svona leit Eurovision-farinn Hreimur Örn Heimisson út árið 2001 en þá hafði hann nýlega verið kosinn kynþokkafyllsti popparinn á FM95.7. Á þessum tíma var hljómsveitin Land og synir upp á sitt besta og ætlaði að meika það í Bandaríkjunum undir nafninu Shooting Blanks.



JÓHANNA GUÐRÚN

Söngkonan Jóhanna Guðrún gaf út sína fyrstu plötu fyrir jólin 2000. Á gömlu myndinni er hún með hundinum Hróki en í viðtali sem birtist með myndinni segist Jóhanna ekki vera barnastjarna, heldur ósköp venjulegur krakki.



JÓN GNARR OG MARGRÉT EDDA

Þessi mynd er tekin árið 2001 þegar Jón Gnarr fékk afhenda gullspólu fyrir sölu á VHS-útgáfu af uppstandinu Ég var einu sinni nörd. Litla stelpa sem er með honum á myndinni er dóttir hans, Margrét Edda, sem vakti athygli fyrir að syngja með Mercedes Club um árið.



EIÐUR SMÁRI

Eiður Smári Guðjohnsen sló í gegn á Íslandsmótinu 1994 og um haustið skrifaði hann undir samning við hollenska liðið PSV Eindhoven. Þessi mynd er frá undirritun samningsins. Mörg ár eru síðan síðu ljósu lokkarnir fengu að fjúka en það er ekki hægt að segja að Eiður hafi breyst neitt brjálæðislega í útliti.



ÞORVALDUR DAVÍÐ

Árið 2001 voru allar stelpur landsins skotnar í söngleikjaprinsinum Þorvaldi Davíð Kristjánssyni. Þegar þessi mynd er tekin fór hann með aðalhlutverkið í Verzló-söngleiknum Wake Me Up Before You Go Go sem sló í gegn og var sýndur allt sumarið. Þorvaldur Davíð er enn að gera góða hluti í leiklistinni, en með honum á nýju myndinni er unnusta hans, Hrafninnna Viktoría.




SIGURJÓN KJARTANSSON OG ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

Þessi mynd er tekin árið 2002 þegar fyrrum Fóstbræðurnir Sigurjón Kjartansson og Þorsteinn Guðmundsson stóðu fyrir uppistandssýningunni El Prumpos Pissos í Loftkastalanum.

BIRGITTA HAUKDAL

Írafár var einhver allra vinsælasta popphljómsveit landsins fyrir áratug síðan og Birgitta Haukdal var Íslandsprinsessa. Þessi mynd er tekin árið 2002 þegar Birgitta var kyndilberi popptiskunnar, en flestir eru líklega sammála um að lúkkið hennar sé flottara í dag.



GILLZ

Egill Einarsson kom sér fyrst á kortið sem bloggari og pistlahöfundur. Þegar þessi mynd var tekin árið 2006 var Gillz að stýra sjónvarpsþættinum Kallarnir á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Ef Gillz gæti farið aftur í tímann yrði hans fyrsta verk líklega að senda sjálfan sig í klippingu.



Caribou 22. maí á Nasa!

0 kr. að hringja innan kerfis Simans með 1990 kr. áskrift.*

Vertu í elektrónísku stuði þann 22. maí!

Caribou verður á Nasa á 22. maí nk. Við gefum að sjálfsögðu nokkra miða á Facebook-síðunni okkar næstu daga. **Fylgstu með á facebook.com/ringjarar**

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

ring

VERTU MED

*1.500 mir/SMS innan GSM-kerfis Simans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi



CHAD SMITH OG WILL FERRELL



BLAKE LIVELY OG KE\$HA



ELIJAH WOOD OG MISHA BARTON



JON HEDER (NAPOLEON DYNAMITE) OG JAMES BLUNT

BRANSA TVÍFARAR

Hversu leiðinlegt ætli það sé fyrir **Will Ferrell** þegar einhver heldur að hann sé trommuleikarinn í **Red hot Chili Peppers**? Hér eru nokkrir frægir tvífarar sem vilja eflaust ekki láta rugla sér saman.



PETER JACKSON OG JASON SEGEL



AMERICA FERRERA OG JORDIN SPARKS



PENN BADGLEY OG JOHN MAYER



MILA KUNIS OG VANESSA HUDGENS



KEIRA KNIGHTLEY OG NATALIE PORTMAN



COURTENEY COX OG NELLY FURTADO

VELKOMIN Á BIFRÖST

Opinn dagur á Bifröst

Laugardaginn 21. maí – kl. 14-17



Háskólinn á Bifröst býður þér að koma í heimsókn á laugardaginn og kynna þér námsleiðirnar sem eru í boði við skólann. Gestum verður fylgt um háskólaþorpið og sýndur leikskólinn, kaffihúsið, háskólatorgið, líkamsræktin og hin fjölbreytta aðstaða sem þar er að finna. Að auki verður hægt að skoða margskonar íbúðarhúsnæði sem er í boði fyrir nemendur við skólann.



Skemmtileg fjölskyldudagskrá!

Mikki refur og Lilli Klifurmús
Hoppukastali
Handverksmarkaður
Erpsstaðais
Lazer tag
Vöflukaffi



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



ÓSKÖP EDLILEGUR
SUNNUDAGSBRUNCH

The Giraffe Manor
Nairobi, Kenýa



Húsið var byggt árið 1932 af Sir David Duncan og líkir eftir skoskum veiðikofa. Úr herbergjum hótelsins er útsýni yfir Kilimanjaro og Ngong-hæðirnar sem er víst stórkostlegt. Árið 1984 var ákveðið að breyta húsinu í hótél og giraffar sem áttu erfitt með að fóta sig úti í villtri náttúrunni voru fluttir á landsvæði hótelsins. Algennt er að þeir kiki inn um herbergisgluggana til að leita sér að æti eða bara til að stilla sér upp fyrir ógleymanlegar myndir.



GESTIRNIR SOFA
RÓTT Í BÍLABÍÓI

V8 Hotel
Baden-Württemberg,
Þýskalandi



Fullkominn áfangastaður fyrir ferðalanga með bíladellu. Hótelið er staðsett á gömlum flugvelli í borginni og herbergin eru öll innréttuð í bílabema. Meðal herbergja eru til dæmis Mercedes Benz bílabvottastöð, Morris Minor bílaverkstæði og þjóðvegur 66.

ER KOMINN FERÐAHUGUR Í ÞIG?

Þeir sem eru ekki búnir að bóka útlandaferð í sumar ættu að panta gistingu á einu af eftirtöldum hótélum hið fyrsta. Dreymir ekki alla um að gista í fangelsi?



Hótelið er lítill rauður kofi sem er staðsettur einum kílómetra frá landi úti á miðju Malaren-vatni. Um er að ræða listaverk eftir hinn sænska Mikael Genberg. Á hótelinu er eitt herbergi sem er staðsett þremur metrum undir vatnsyfirborðinu og hægt er að komast þangað með stiga. Fullt af gluggum er á herberginu svo hægt er að skoða fiskana í vatninu mjög gaumgæfilega þaðan. Uppi á yfirborðinu er bátur fyrir hótélgesti og lítill pallur. Hægt er að sigla á bátinum á eyðieyju sem er í nágrenninu.



SVALASTA HÓTEL-
HERBERGI Í HEIMI?

Propeller Island City Lodge

Berlín, Þýskalandi



Þetta furðulega hótél er hugmynda-smíð listamannsins Lars Stroschen. Hvert herbergi er með sérstakt þema og má til dæmis nefna þemu á borð við fljúgandi rúm, allt á hvolfi, bólstrað, líkkistur og liturinn blár. Það erfðasta við að bóka herbergi á hótelinu gæti verið að velja sér hvaða þema er mest spennandi.



Hotel de Glace

Québec, Kanada



Í desember á hverju ári hefjast listamenn handa við að byggja þetta einstaka hótél sem einungis opið í janúar og mars vegna eiginleika sinna. Fjögurhundruð tonn af klaka og tólþúsund tonn af snjó þarf til að byggja þetta meistarverk sem þarf að endurhanna á hverju ári. Allt er gert úr ís á hótelinu, meira að segja glösin sem þú drekkur úr. Til að ylja gestunum er boðið upp á heitar sturtur og ferðir í notalegan heitan pott.



Utter Inn

Malaren-vatn, Svíþjóð



PASSA ÞARF AÐ HERBERGIÐ
FYLLIST EKKI AF VATNI

The Library Hotel


Manhattan, New York



Þetta hótél er tilvalið fyrir þá sem elska bækur og fróðleik. Tíu hæðir hússins hafa hver sitt þema sem er einn flokkur í flokkunarkerfi Dewey fyrir fræðirit. Sem dæmi má nefna listahæðina, trúarbragðahæðina, heimspekihæðina og stærðfræðihæðina. Í hverju herbergi eru svo bækur úr öllum flokkunum svo gestir geti kynnt sér hvað er um að vera á hinum hæðunum.



ULLARNÆRFÓT
ERU NAUÐSYNLEG
Á ÍSHÓTELINU



MASÓKISTAR ERU
LÍKLEGA STÓR HLUTI
HÓTELGESTA

Hér gefst einstakt tækifæri á að gista í gömlu sovésku fangelsi. Á meðan dvölinni stendur eru gestir handjárnnaðir, eigur þeirra teknar af þeim og þeir leiddir í klefann sinn þar sem viðar- eða járnþýnur bíða þeirra. Eina næringin sem boðið er upp á er vatn og brauð. Hótelið er aðeins opið á sumrin vegna kulda og ferðamenn sem hafa gista þar segja margir hverjir hafa orðið varir við draugagang. Hljómar spennandi, ekki satt?

Karostas Cietums Hotel

Liepāja, Lettlandi



GREINDARVÍSITALAN ÞÍN
HÆKKAR Á BÓKASFNSHÓTELINU


Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði

Opin 21. maí – 29. maí
kl. 13.00 – 16.00



Iðnskólinn í Hafnarfirði, frábær námskostur, komdu og skoðaðu

Fjölbreytt nemendaverk



Innritun stendur yfir

www.idnskolinn.is
Flatahrauni 12
220 Hafnarfjörður

Vildi alltaf vera best

Sara Björk Gunnarsdóttir þakkar keppnisskapinu góðan árangur í fótbolta. Monitor ræddi við hana um boltann, kærastann og baktalið í kvennaboltanum.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Eggert Jóhannesson

sigyn@monitor.is
eggert@mbl.is

Sara Björk Gunnarsdóttir, knattspyrnusnillingur, var valin í A-landsliðið aðeins 16 ára gömul og hefur síðan þá stefnt á atvinnumennskuna. Hún er metnaðarfull, dugleg og virðist geta hlaupið endalaust inni á vellinum enda mikil keppnismanneskja að eigin sögn. „Ég vildi alltaf vera best og fá öll verðlaun sem voru í boði,“ segir Sara sem hefur verið ótrúlega kappsöm frá unga aldri. Þrátt fyrir að vera aðeins tvítug skrifaði Sara fyrr á árinu undir þriggja ára samning við sænska liðið LDB Malmö sem er í efsta sæti úrvalsdeildar kvenna um þessar mundir. Velgengni Söru hefur ekki látið á sér standa úti í Svíþjóð og hún hefur nú þegar slegið í gegn hjá liðinu og skorað ófá mörk á tímabilinu.

Af hverju ert þú svona góð í fótbolta? Ég held að það gæti verið sökum þess hversu ótrúlega kappsöm og metnaðarfull ég var og er enn í dag. Ég vildi alltaf vera best og fá öll verðlaun sem voru í boði. Ef verið var að keppast um eitthvað spýtti ég í lófana og var mjög ákveðin að sigra allt sem hægt var. Ég man til dæmis eftir að þegar ég var tíu ára fékk ég eitthvað Pocahontas-spil í jólagjöf. Svo seinna um kvöldið ákvað fjölskyldan að spila það og mér gekk illa svo jólin voru bara ónýtt það árið. Ég fór í feitt fylukast og trompaðist. Það er enn hlegið að þessu heima í dag.

Gætir þú hlaupið endalaust ef til þess kæmi? Ég hef alveg gaman af því að hlaupa eins og flestir vita en það færir eftir tempóinu sem ég þyrfti að hlaupa á. Ég gæti líklega hlaupið frekar lengi á passlegum hraða.

Hvað varst þú gömul þegar þú byrjaðir að æfa fótbolta? Ég var fimm að verða sex ára. Ég hafði farið á eina fimleikaæfingu og flaði mig ekkert þar enda var ég alltaf smá strákastelpa og tuddi. Það voru ekki margar stelpur að æfa fótbolta á þessum tíma miðað við í dag en pabbi henti mér eiginlega bara í fótbolttann og ég kunni strax mjög vel við mig þar.

Stelpur eru sjálfum sér verstar, við erum alveg rosastrar.

Varst þú alltaf best í þínum flokki í Haukum? Já, eiginlega. Ég fékk oftast verðlaun fyrir að vera besti leikmaðurinn. Ég var með svo ótrúlega mikið keppnisskap og ætlaði mér alltaf að vera best. Ég var alltaf hlaupandi út um allt og kraftur í mér.

Hver var þín helsta fyrirmynd? Það var í sjálfu sér pabbi minn sem var í fótbolta á sínum yngri árum. Þegar ég var lítil var ekkert rosastrar mikið um sterkar fyrirmyndir í íslenska kvennaboltanum sem ég vissi af þó þær séu miklu fleiri í dag.

Hvenær ákvaðst þú að stefna á atvinnumennskuna? Ætli það hafi ekki verið þegar ég var valin í A-landsliðið þegar ég var 16 að verða 17 ára. Þá voru stelpur aðeins byrjaðar að fara til útlanda og lifa á því að spila fótbolta sem hafði ekki tíðkast mikið hér á landi. Þarna var það orðinn möguleiki þó þetta hafi ekki verið peningur og séu ekki ennþá neitt í líkingu við það sem er í boði í karlaboltanum. Þar er bara nóg að næla sér í einn feitan samning og þá ertu bara góður það sem eftir er. Stelpur sem fara út eru meira að hugsa um að reyna að bæta sig þó það séu auðvitað einhverjir peningar í þessu.

HRADASPUNINGAR

Besta lið í heimi? Barcelona.

Heitasti knattspyrnumaðurinn? Hákon Atli Hallfreðsson.

Upphaldsknattspyrnukona? Magnea H. Magnúsdóttir kenndi mér allt sem ég kann. G.Æ.S!

Hvað tekur þú í bekk? 85,2 kg.


Upphaldsmatur? Humar.

Það besta við Svíþjóð? Flottu fötin.

Upphaldsnammi? Lakkrísindlar.

Upphaldskvikmynd? The Green Mile.

Upphaldshljómsveit? Poison Snake.



Lifir þú alfarið á fótbolta í dag? Já, núna geri ég það og legg fyrir nokkrar millur á mánuði. Nei, það er alls ekki þannig. Mig langar til að fara í skóla en ég er ekki búin að kynna mér námið vel hérna í Malmö. Ég væri til í að læra eitthvað íþróttatengt eins og sjúkrahjálfun eða íþróttatræði. Það er svo sniðugt að nýta þennan tíma hérna úti til að mennta sig.

Ert þú með einhverjar ábendingar fyrir ungar og efnilegar fótbolastelpur sem vilja ná langt? Bara það sama og allir segja. Það skiptir máli að vera dugleg að æfa sig sjálf og fara kannski frekar út á sparkvöll en að horfa á sjónvarpið á kvöldin. Svo er gott að setja sér markmið til að ná og ef þú vilt verða betri en hinar verðurðu að æfa þig meira en þær.

Hvernig var að koma svona ung inn í landsliðið? Það var skemmtileg áskorun. Ég var svolítið smeyk og auðvitað stressuð en svo var tekið mjög vel á móti mér. Þessar stelpur voru samt að spila í úrvalsdeild og ég með Haukum svo æfingarnar urðu meira krefjandi. Ég varð bara betri fyrir vikið.

Er mikið um baktal og svoleiðis í kvennaboltanum? Já, klárlega. Stelpur eru sjálfum sér verstar, við erum alveg rosastrar. Ég ætla nú ekki að koma með nein dæmi en það er ótrúlegt hvernig stelpur láta stundum.

Hvaða þrjár úr landsliðinu myndir þú taka með þér á eyðieyju? Ég á svo erfitt með að velja úr hóp, ég fæ alveg fyrir hjartað þegar ég þarf að gera það. Ég þyrfti nú samt að taka herbergisfélagann minn hana Rakel Hönnu, við erum alltaf saman í landsliðsferðum. Svo myndi ég velja Blikafélagana mína Grétu Mjöll og Fanndísi ásamt því að taka liðsfélaga minn, Þóru, með í ferðatöskunni.

Hverja þeirra myndir þú éta til að lifa af og hvaða líkamshluta? Ég myndi éta rassinn á Grétu Mjöll því hann er svo djúsi.

Hvernig kannst þú við þig úti í Svíþjóð? Ég fíla rosa vel að búa þarna. Bróðir minn býr hjá mér og við búum eiginlega í litlum kassa. Ég get ekki sagt að ég búi í einhverri þakíbúð þarna úti eins og í Atvinnu-mönnunum okkar. Það væri reyndar mjög myndi ef þeir myndu kíkja á mig til Svíþjóðar og skoða íbúðina þar sem ég sef, borða og horfi á sjónvarpið í sama herberginu. Ég er einmitt að leita mér að stærri íbúð núna.

Ert þú farin að tala sænsku? Nei, alls ekki. Ég skil mikið en ég á alveg eftir að ná henni.

Er mikill munur á að liðunum úti og hérna heima?

Munurinn er aðallega á deildunum tveimur. Deildin úti er sterkari og jafnari og leikmennirnir í liðunum eru flestir góðir. Allar sem byrja inná eru því yfirleitt góðar á meðan maður getur kannski fundið einhverja veikleika í ákveðnum stöðum í liðunum hérna heima.

Æfir þú alla daga vikunnar? Já, nema við fáum stundum einn frídag í viku. Svo tókum við aukaæfingar tvisvar sinnum í viku og þá er ég með sérstakan sóknarþjálfara sem er algjör snillingur. Ég er rosastralega heppin að fá að æfa hjá honum.

Hvernig fer svona álag með líkamann? Mér finnst þessar æfingar ekki vera eitthvað brjáláð fitness heldur er meira verið að þjálfa tækni og svoleiðis. Ég veit reyndar ekki hvernig þetta er á undirbúnings-tímabilinu en núna erum við aðallega að vinna með spyrnur, taktík og svoleiðis.

Hefur þú einhvern tímann haft tíma fyrir eitthvað annað en boltann? Eiginlega ekki. Ég fór einmitt til Flórída núna í október með kærastanum og fjölskyldunni hans og það var fyrsta sumarfríð mitt í langan tíma. Þetta var ótrúlega langþráð frí því maður kemst aldrei neitt út af fótbolta. Ég hef fórnað öllu fyrir þetta enda ákvað ég að setja fótbolttann í fyrsta sæti og sé alls ekki eftir því. Þetta er eitthvað sem ég elska að gera.


Náðir þú að sinna félagslífinu mikið í menntaskóla? Ég mætti alveg á einhver böll en það var ýmislegt sem ég mætti ekki á. Ég var ekki í neinum nefndum og hafði ekki tíma fyrir neitt slíkt. Svo voru kannski einhverjar fjáraflanir fyrir útskriftina og svoleiðis en ég gat aldrei verið með því ég var alltaf á æfingum. Fólk spurði mig oft hvort ég gæti nú ekki sleppt einni æfingu en það kom aldrei til greina hjá mér. Ég fór alltaf á bömmur þegar ég þyrfti að sleppa æfingu.

Hver eru helstu áhugamálin þín fyrir utan fótbolttann? Ég kann ekki að syngja eða spila á nein hljóðfæri eða neitt svoleiðis. Ég kann eiginlega bara að spila fótbolta og held mig því bara við það. Mér finnst ótrúlega gaman að vera með vinum mínum og er meira fyrir að hafa kósýkvöld en að fara niður í bæ. Svo finnst mér mjög gaman að hafa það gott í bústað með fjölskyldunni.

Ég hef fórnað öllu fyrir þetta enda ákvað ég að setja fótbolttann í fyrsta sæti og sé alls ekki eftir því.

Finnur þú fyrir mikilli athygli frá strákum verandi ein aðalfótbolta-skvíska Íslands? Það er alveg eitthvað af slíku en ég held að flestir viti nú að ég eigi kærasta sem ég er einmitt búin að vera með í fimm ár í dag. Ég er vel frátekin.

Hvað finnst kærastanum um alla þessa athygli? Hann er alveg rólegur. Það finnst ekki rólegri menn og hann er ekkert að stressa sig enda ekkert til að stressa sig á.



vitalið



Hugsar þú um að líta vel út á vellinum? Auðvitað geri ég það, bara eins og allar stelpur. Maður vill alveg líta vel út, sérstaklega þegar leikurinn er sýndur í sjónvarpinu eins og landsleikir. Þá er splæst í maskara en ekki mikið meira. Ég verð líka alltaf svo rauð og sveitt svo það myndi hvort eð er ekki koma að miklu gagni.

Hvernig lítur fimm ára planið út hjá þér? Ég er kannski ekki alveg komin með næstu fimm árin á hreint en ég er nýbúin að gera þriggja ára samning við Malmö og langar til að vera þar út samninginn. Draumurinn væri svo auðvitað að fá kærastann hingað í atvinnumenskuna í Svíþjóð. Planið er ekki komið mikið lengra eins og er.

Er búið að vera erfitt að vera aðskilin frá kærastanum í vor? Já, við erum alveg límd saman venjulega svo það er búið að vera pínulítið erfitt. Þetta verður nú samt þess virði á endanum.

**Ef þú þyrftir að hætta í fótbolta og hefja atvinnu-
mennsku í fjölbragðaglímu, hvaða sviðsnafn myndir þú velja þér?** Monster Pump.

/// *Ef þú vilt verða betri en hinar verðurðu að æfa þig meira en þær.*

VIÐ SELJUM **EKKI** GOS,
EKKI LEIKFÖNG OG **EKKI**
NÝJASTA SÉÐ OG HEYRT.
VIÐ ERUM **BENSÍNSTÖÐ.**



**LENGI LIFI
SAMKEPPNI**



ÍSLENSKA SÍÐIS AÓL 3327 0571

SÆKTU UM DÆLULKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru oliufélögunum samkeppni.
Við rufum einokun oliurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið
keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



MÁLNINGARVÖRUR

kemi

AB-PRIF

GÜMMIVINNSLAN





DÝRATA

Þessi fallegi Vivienne Westwood jakki sem ég fékk í KronKron fyrir nokkrum árum. Hann kostaði mig miltað og nýra og telst því sem dýrasta flíkin sem ég á en ég elska hann því mér líður alltaf eins og ég eigi heima á ensku herrasetri árið 1805 þegar ég klæðist honum.



ÞÆGILEGASTA

Nánast allt líf mitt fer fram í þessum frábæru stuttbuxum. Ég keypti þær síðasta sumar í American Apparel í New York. Það skemmir ekki fyrir að þær líta út eins og gamlar ómmunærbuxur frá Viktoríutímabilinu!

ELSTA

Var keypt af móður minni á markaði úti í London og er afar fallegur kremlitaður antik kjöll með ísaumuðu gullmynstri. Hann er að minnsta kosti 60 ára gamall og er einn af mínum uppáhaldskjólum og afar lýsandi fyrir fatasmekk minn. Hann er einn af mörgum kjólum sem ég nota mikið við fínni tækifæri.



Vill búa í Versölum

Stíllinn fékk **Kristínu Aðalsteinsdóttur**, myndlistarmann, til að sýna nýjustu, bestu, þægilegustu, dýrustu, elstu, skrítnustu og flottustu flíkurnar í fataskápnunum.

Kristína Aðalsteinsdóttir er 24 ára myndlistarmaður með ótrúlega fallegan smekk. Hún er að útskrifast úr Listaháskóla Íslands um þessar mundir og ætlar í framhaldi af því að setja upp nýtt vinnu- og sýningarrými ásamt átta

fataskápurinn

öðrum myndlistarmönnum. „Þar ætlum við að gera listasníll og grilla í bakgarðinum,“ útskýrir Kristína

sem ætlar einnig að starfa sem vinnuskólaleiðbeinandi í tvo mánuði í sumar. „Þess á milli ætla ég að hafa það náðugt í sumar, hérlendis og erlendis, áður en ég sæki um mastersnám úti í heimi.“ Stíllinn fékk að forvitnast aðeins um fatastíl Kristínu og hvaða flíkur eru ómissandi fyrir sumarið.

Hvernig myndir þú lýsa stílunum þínum í fimm orðum? Ég vil búa í Versölum?

Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn? Gareth Pugh, Luella, Betsey Johnson, Jeremy Scott, Marjan Pejovski, Riccardo Tisci fyrir Givenchy. Í rauninni allir sem bjóða upp á einhverskonar ævintýri og frásögn eða vott af ofgnótt eða smekkleysu í fótunum sínum.

Hversu mörg skópör átt þú? Ekkert óþarfliga mörg, kannski í kringum 20 stykki. Þau taka minnst pláss innan skápsins en kjólar og höfuðskraut mest.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar? Táratattú í pastellitum á hvarmann, af augljósum ástæðum.

Hvaða flík er ómissandi að þínu mati fyrir sumarið? Kylie Minogue hotpants fyrir stúlkur og Tobias Funke cut-offs fyrir drengi. Svo skála ég reglulega í barnasólarvörn SPF 50 við aðra albínóa landsins á sumrin, hún telst sem fylgihlutur.

SKRÍTNASTA

Skópar frá Jeffrey Campbell sem er einungis framleitt í takmörkuðu upplagi og ég arkaði hálfu Brooklyn endilanga til þess að finna síðasta sumar. Þeir eru með mjúkum loðfeldi að utan og spegli á hliðunum og líta út eins og



framtiðarskór á sterum. Þeir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir bleytu og hrikalega ópraktískir á Íslandi svo auðvitað keypti ég þá samstundis. Ég vil meina að þeir gefi manni ómældan stökkkraft og ofurkrafta.

BESTA

Þessi Emmu Cook silfurflík eru án efa bestu kaup mín hingað til en ég fékk hann í KronKron fyrir nokkru síðan. Mér líður alltaf eins og fallegum jólapakka í þessum topp og ef ég fengi þúsundkall fyrir hvert skipti sem ég hef notað hann væri ég Jóakim Aðalönd.



NÝJASTA

Sveppajakki úr silki frá To Be Adored, pant-aður af netinu. Ég er mikið fyrir blómamynstur og er hann því prýðileg viðbót í safnið. Hann minnir mig á Lísu í Undralandi sem er uppáhaldsævintýrið mitt.

Myndir/Árni Sæberg

FLOTTASTA

Marjan Pejovski chiffon- og silkkjöllinn minn. Ef vel er að gáð lítur hann út fyrir að vera gerður úr litlum hvítum rósa-blöðum og er með flæðandi chiffoni á hliðunum, sem eru ekki alveg eins báðum megin. Ég klæðist honum aðeins við afar sérstök tilefni. Hann fékkst í KronKron og var gjöf frá foreldrum mínum og þykir mér því afar vænt um hann.

Alls ekki hættur í bransanum



GEIRI NOTAST VIÐ BORVÉL ÞEGAR HANN KLIPPIR FÓLK

Geiri pönk opnar rokkaða förðunar- og hárgreiðslugalleryíð **Rokk og rúllur um helgina.**

„Stofan verður frekar rokkuð og hrá eins og nafnið gefur til kynna,“ segir Ásgeir Hjartarson, betur þekktur sem Geiri pönk, um hárgreiðslustofuna Rokk og rúllur sem hann opnar um helgina á Hverfisgötu 125. „Nafnið er tengt við þáttinn sem ég var með í Mbl-sjónvarpi en í staðinn fyrir Rokk og rúllur verður þetta Rokk og rúllur hárgreiðslugalleryíð,“ útskýrir Geiri sem leggur mikið upp úr andrúmslofti og lúkki stofunnar.

Leðrað og rokkað

„Ég ætla til dæmis að láta sjást inn í vaskana og vera með keðjufatahengi í þessum rokkaða, leðraða og svala stíl sem ég fíla í tætlur,“ segir hann en bætir við að einfaldir hlutir verði líka á stofunni til að veita upp á móti rokkinu. „Þessum stíl blanda ég svo við einfalda hluti og hönnun eins og til dæmis geðveika Vernon

Panton ljósakrónu sem trónir yfir afgreiðsluborðinu,“ segir Geiri um stofuna sem verður einnig með mjög töff andrúmsloft þar sem hann stílar mjög mikið inn á tónlistina. „Á stofunni verður einungis spiluð tónlist af lagalistum eftir Tomma White, Andrés dj úr Partyzone og Dj Margeir. Svo verð ég líka með geðveikt 4 fermetra stórt listaverk eftir Óla Holland á veggnum hjá mér.“

Herrarnir fá sinn tíma

Geiri mun bæði bjóða upp á herra- og dómuklippingar. „Kúnna-hópurinn minn er svona 70% dómur og 30% herrar,“ segir Geiri og bætir við að hann gefi herrunum góðan tíma eins og dómunum. „Ég hendi þeim ekki út á 10 mínútum.“ Einnig verður boðið upp á förðun á stofunni og fær Geiri þá fríðan flokk förðunardama til liðs við sig. „Ég er með hóp af stelpum sem redda flottri förðun þegar þörf er á og einnig er gott að hafa þær til taks vegna fjölda annarra verkefna sem ég þarf að sinna,“ segir Geiri sem er svo sannarlega ekki hættur í bransanum eins og margir héldu. „Ég get ekki yfirgefið kúnnana mína núna og ég ætla rétt að vona að fastakúnnarnir fylgi mér áfram,“ segir Geiri spenntur fyrir nýju stofunni.



STELPUARNAR OKKAR!



ÍSLAND - BÚLGARÍA

Í KVÖLD KL. 19:30

MÍÐASALA Á MIDI.IS
KR. 1.000 FYRIR 17 ÁRA OG ELDRI
ÓKEYPIS FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI

FYRSTA SKREFIÐ Í SÓKNINNI AÐ SÆTI Á EM 2013!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!

Alltaf í boltanum með KSI

BORGUN

Coca-Cola



Lengjan

ICELANDAIR



Töpuðu fyrir Suri Cruise

Hin fimm ára gamla Suri Cruise er fyrir ofan tiskuséni á borð við Sarah Jessica Parker, Cate Blanchett, Lady Gaga og Nicole Richie á lista tímaritsins Glamour yfir best klæddu stjórnur ársins 2011. Listann má finna í nýjasta tölublaði bresku útgáfu tímaritsins og lenti litla Suri Cruise í 21. sæti þrátt fyrir að vera aðeins fimm ára gömul. Lesendur tímaritsins velja hvaða 50 stjórnur komast á listann og Suri hefur greinilega náð að heilla Breta upp úr skónum með tiskuvitund sinni sem móðirin Katie Holmes hefur lagt mikið í að ala upp í henni. Best klædda stjarna ársins samkvæmt lesendum Glamour er hin eitumetta Emma Watson sem flestir þekkjast sem hina göldróttu Hermione Granger úr Harry Potter-myndunum. Watson hefur fullorðnast mikið og klippti sig stutt eftir að tókum á galdravikmyndunum lauk. Hún er nú ein aðaltiskufyrirmynd ungra stúlkna enda virkilega töff og alltaf mjög smart.



Býr til skart úr kattahárum

Tískuóðir kattaeigendur geta nú glaðst því kattabloggarinn Kate Benjamin hefur nú hafið framleiðslu á hárboltaskartgripum sem eru gerðir úr kattahárum. Benjamin hefur hannað ótalmörg kattaleikföng og allskonar muni tengda dýrunum í gegnum tíðina en hóf samstarf við skartgriphönnuðinn Heidi Abramson nýlega til að hrinda af stað framleiðslu þessara frumlegu skartgripa. „Ég byrjaði á að greiða köttunum mínum vel og lengi til að fá fullt af hárum frá þeim og rúllaði þeim svo saman í litla hárbolta,“ útskýrir Benjamin á blogginu sínu en lesendur þess geta lært að búa til sína eigin hárboltaskartgripa á síðunni. „Skartið er ekki búið til úr hárboltum sem kettir kasta upp heldur heimatilbúnum boltum úr þurrum kattahárum,“ útskýrði Benjamin enn frekar til að forðast allan misskilning. Skartgripirnir verða að teljast heldur furðulegir ekki síst vegna þess að erfitt er að mæta með þá í veislu eða matarboð þar sem ofnæmi fyrir kattahárum er mjög algennt.



MILEY CYRUS

Ungstirnið Miley Cyrus var ekki lengi að pikka upp nýjustu tiskuna og fékk sér rauða yfirtóna í hárið. Þær sem vilja vera högværar í rauða litnum ættu að taka Miley sér til fyrirmyndar.



DREW BARRYMORE

Það fer Drew Barrymore mjög vel að vera ljóshærð, dökkhærð og rauðhærð eins og hún hefur sýnt og sannað í gegnum tíðina. Leikkonan er ekki feimin við að skipta um hárlit og var ekki lengi að lita hár sitt eftir nýjustu tiskubylgju Hollywood.




RIHANNA

Söngkonan unga setti tiskubylgjuna af stað síðasta sumar með eldrauðum lokkum sínum sem fara fáum vel. Einhvern veginn nær Rihanna þó að rokka þennan lit og henni hefur tekist vel að klæða sig og farða með svo sterkan hárlit.


Eldheit hártíska Í HOLLYWOOD

Nýjasta hártískubylgjan í **Hollywood** um þessar mundir er rautt hár og er hver stjarnan á fætur annarri komin með seiðandi rauða lokka fyrir sumarið. Sumar ganga lengra en aðrar sem láta sér nægja að setja rauða tóna í hárið.



AMY ADAMS

Náttúrulegur litur Amy Adams myndi klæða nánast hvaða skvísu sem er vel og virkar mjög vel fyrir hana. Ljósrautt hár er líka mjög sumarlegt svo þær sem ætla að skella sér á rauða litinn fyrir sumarið ættu jafnvel að velja sér lit í þessum tón.



SCARLETT JOHANSSON

Kynbomban ákvað að skipta ekki bara um hárlit nýlega heldur skartar hún einnig nýrri klippingu sem fer henni afskaplega vel. Scarlett valdi frekar dökkan og djúpan rauðan lit sem fer vel við ljóst litarhaft hennar.



BLAKE LIVELY

Ofurljósan úr Gossip Girl vakti mikla athygli á galakvöldi í New York fyrir stuttu þar sem hún er búin að lita ljósu lokkana rauða. Í viðtali við tímaritið US Weekly sagðist hún hafa litað hárið fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Hick og hyggst skipta aftur yfir í ljósu strípurnar að tókum loknum.

Hvað voru þær að hugsa?

TÍSKUSLYS



Nicole Richie: Hin fíngerða Nicole Richie drukknar í þessum risavaxna kjól.



Rihanna: Rihanna lítur út eins og jólastafur í fullri stærð í þessum óheppi-lega kjól.



Leona Lewis: Er Leona Lewis að senda einhver skilaboð með kyssulegum vörum á brjóstunum?



Leighton Meester: Stjarnan úr Gossip Girl í furðulegum kjól sem minnr um margt á brúna útidyrarmottu.



Jennifer Love-Hewitt: Hin ný-trúlofaða Jennifer Love-Hewitt hæstánægð með trúlofunina í hálfum brúðarkjól.



Eva Mendes: Hin gullfallega Eva Mendes lítur út eins og rjómatertusneið með alltof margar pífur á kjólnum.



Ashley Olsen: Tískufríkið Ashley Olsen lítur út eins og róni í öllum þessum lörfum sem hanga á henni.



Rosario Dawson: Rosario Dawson gæti auðveldlega fengið sér blund á risastóru púfferminni.



Michelle Williams: Hún lítur út eins og misheppnaður hippi með þetta herfilega blómamynstur.



Miley Cyrus: Aumingja Miley Cyrus í kjól sem líkir eftir því þegar klósettappír festist undir skónum manns.

Snoop Dogg vill öðruvísi X-Factor

Rapparin Snoop Dogg hefur auglýst eftir framleiðendum til að koma nýjum sjónvarpsþætti sínum á laggirnar. Snoop Dogg hyggst gera raunveruleikaþátt í anda X-Factor nema þessi myndi vera „beint af götunum“ eins og hann orðar það. Rapparin hélt blaðamannafund á strippstað í London í vikunni þar sem hann sagðist vilja gera svari götuútgáfu af X-Factor þáttunum sem hafa náð geysimiklum vinsældum í Bretlandi. „X-Factor þættirnir eru frábærir en ég þarf að gera þátt sem kemur beint af götunum,“ sagði Snoop Dogg á fundinum. „Mig langar til að finna einhvern með hráa hæfileika sem hafa ekki verið fegraðir fyrir sjónvarp. Þeir framleiðendur sem hafa áhuga á hugmyndinni mega hringja í mig sem fyrst,“ óskaði rapparin eftir á ráðstefnunni. Hann bætti einnig við að ef þátturinn yrði gerður myndu einungis fátækir og náttúrulega hæfileikaríkir keppendur fá að taka þátt í honum.



MATTHEW MORRISON
LEIKUR WILL
SCHUESTER Í GLEE

Gengur til liðs við strákahljómsveitir

Sjarmörinn Matthew Morrison hefur slegið í gegn að undanförunu í sjónvarpsþáttunum Glee þar sem hann syngur og dansar eins og enginn sé morgundagurinn. Hann hefur ákveðið að reyna fyrir sér sem tónlistarmaður og fær gullið tækifæri til að láta ljós sitt skína í sumar. Morrison hefur nefnilega verið ráðinn til að koma fram með strákahljómsveitunum Backstreet Boys og New Kids On The Block á einu allsherjar tónleikaferðalagi um Bandaríkin. Hljómsveitirnar tvær komu fyrst fram saman í júní í fyrra við mikinn fögnuð aðdáenda þeirra og nú hefur verið ákveðið að sykurbossinn Matthew Morrison muni einnig trylla óðar táningsstúlkur á tónleikum í sumar. „Þetta er tækifæri sem ég get ekki sleppt,“ sagði Morrison hæstánægður um ráðninguna. „Ég kann svo vel að meta aðdáendur mína og ég ætla ekki að bregðast þeim í sumar,“ sagði



hann og bætti við að tónleikarnir yrðu heljarinnar sýning sem enginn alvöru aðdáandi popptónlistar mætti missa af.

Prófaði kynlíf með karlmanni

Steven Tyler gaf nýverið út endurminningar sínar í bókinni Does The Noise In My Head Bother You? og hafa ótrúlegar sögur af lífi hans vakið ótrúlega mikla athygli. Atvik sem áttu sér stað á litríkum tónleikaferðalögum Aerosmith hafa glatt lesendur bókarinnar mikið og fullyrðingar Tyler um að hann hafi hafnað því að vera aðalsöngvarinn í Led Zeppelin virðast næstum eins og hreinn skáldskapur en Tyler opnar sig um bókstaflega allt í bókinni. ABC fréttastofan sagði í vikunni frá kafla í bókinni þar sem Tyler segir frá kynlífsreynslu sinni með öðrum karlmanni. „Kynlíf með karlmönnum gerir ekkert fyrir mig,“ segir Tyler í bókinni vinsælu og heldur áfram með yfirlýsingarnar. „Ég prófaði það einu sinni á minum yngri árum en ég fílaði það bara ekki.“ Skrautleg ævi Tyler virðist vera ótæmandi brunnur ævintýra en í henni viðurkennir hann einnig að hafa eytt rúmum 20 milljónum dala sem jafngilda rúmum tveimur milljörðum íslenskra króna í eiturlýf um ævina.



Gaf forsetanum óvart gítar

Kólumbíska söngkonan Shakira segir einn af sex gítörum sem hún áritaði á tónleikum í Venzúela fyrir stuttu hafa farið til forsetans Hugo Chavez. Hann sendi söngkonunni þakkarbréf fyrir rauða gítarinn um helgina en hann hélt að gítarinn væri sérstök gjöf frá henni. Shakira furðaði sig á bréfinu enda hafði hún áritað sex gítara í einu og hafði ekki hugmynd um að einn þeirra væri á leiðinni til sjálfs forseta Venzúela. Talsmenn söngkonunnar segja hana vona að gjöfin hafi hvatt til samstöðu milli íbúa Kólumbíu og Venzúela. Shakira er um þessar mundir á tónleikaferðalagi milli þess sem hún knúsar kærastann Gerard Pique sem leikur með knattspyrnuliði Barcelona.




TÆKIFÆRI Í MÁLMTÆKNI

Skapandi og skemmtileg störf í tæknigreinum framtíðarinnar

Kynntu þér nám í málmiðngreinum í fjölbrauta- og iðnskólum



Menntaðu þig til eftirsótttra tæknistarfa



Kíktu á framboðið www.idan.is/nam-og-storf



FERILLINN



Penélope Cruz

Hæð: 168 sentimetrar.
Besta hlutverk: Hin léttgeggi-
 aða María Elena í Vicky Cristina
 Barcelona, en fyrir það hlutverk
 hlaut hún óskarinn.
Staðreynd: Gerðist grænmetis-
 æta árið 2000 eftir að hún lék í
 myndinni All the Pretty Horses.
Eitruð tilvitnun: „Það erfiðasta
 í heimi er að byrja ferilinn og
 vera aðeins þekkt fyrir útlitið
 og reyna svo að verða alvarleg
 leikkona.“

1974 Fæðist 28. apríl
 í borginni Alco-
 bendas við Madrid á Spáni.
 Skírnarnafn hennar er Penélope
 Cruz Sánchez.

1992 Þreytir frumraun
 sína í kvikmynd-
 um þegar hún leikur í spænsku
 myndinni Jamón, jamón.

1998 Leikur í sinni
 fyrstu bandarísku
 mynd, The Hi-Lo Country. Á
 þessum tímabili hefur hún
 búið í New York um skeið þar
 sem hún lærir ballet og ensku
 milli þess sem hún leikur í
 evrópskum myndum.

2001 Leikur í myndun-
 um Vanilla Sky og
 Blow og slær í gegn á heims-
 vísu. Sama ár byrjar hún með
 Tom Cruise sem er mótleikari
 hennar í Vanilla Sky. Sambandið
 varir í þrjú ár en þau hætta
 saman árið 2004.

2005 Leikur í myndinni
 Sahara og byrjar
 með mótleikara sínum, Matt-
 hew McConaughey. Þau hætta
 saman ári síðar.

2006 Gerist talskona
 franska snyrti-
 vörufyrirtækisins L'Oréal og
 fær um tvær milljónir dollara
 á ári í laun fyrir að gegna því
 hlutverki.

2007 Byrjar með
 leikaranum
 Javier Bardem sem leikur á móti
 henni
 í Vicky
 Cristina
 Barce-
 lona.
 Þau
 giftast
 árið
 2010 í lítilli athöfn á Bahama-
 eyjum og eignast sitt fyrsta
 barn í janúar 2011.

2008 Hlýtur óskars-
 verðlaun sem
 besta leikkona í aukahlutverki
 fyrir frammistöðu sína í Vicky
 Cristina Barcelona. Hún hefur
 einnig verið tilnefnd til þessara
 verðlauna fyrir myndirnar
 Volver (2005) og Nine (2009).



Frumskýningar helgarinnar

JACK OG ANGELICA PURFA EKKI AÐ FJÁRFESTA
 Í NÝJUM KLÆÐNAÐI FYRIR ÖSKUDAG

Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides

Leikstjóri: Rob Marshall.
Aðalhlutverk: Johnny Depp, Penelope Cruz,
 Geoffrey Rush og Ian McShane.
Lengd: 141 mínúta.
Aldurstakmark: 10 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin og Smárabíó.

Jack Sparrow (Depp) hittir Angelicu (Cruz), konu



sem hann deilir dularfullri fortíð með. Hann
 veit ekki hvort það ríki ást á milli þeirra eða
 hvort hún sé miskunnarlaus blekkingameistari
 sem sé að nota hann til að finna lind æskunnar.
 Angelica neyðir Jack um borð í skip hins ægilega
 Svartskeggs sjóræningja (McShane). Jack lendir
 í óvæntum ævintýrum og er ekki viss um hvort
 hann óttast meira, Svartskegg eða Angelicu.

VILTU VINNA MIÐA?



Monitor er í sjóræningjaskapi í þessari
 viku og ætlar að gefa nokkrum
 heppnum lesendum miða á **Pirates of
 the Caribbean: On Stranger Tides**.
 Þá ætlar Monitor einnig að gefa boli
 og fleira skemmtilegt sem tengist
 myndinni. Það eina sem þú þarft að
 gera er að fara inn á Facebook-síðu
 Monitor og velja „like“ á Pirates-statusinn.



facebook.com/monitorbladid

Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ VERÐA?

KYNNTU ÞÉR NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Félagsvísindi
Fjölmíðlafræði
Hjúkrunarfræði
Iðjuþjálfunarfræði
Kennarafræði
Líftækni

Lögfræði
Náttúru- og auðlindafræði
Nútímafræði
Sálfræði
Sjávarútvegsfræði
Viðskiptafræði

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.unak.is

Umsóknarfrestur til 5. júní



Popp- korn

Leikarinn **Johnny Depp**
 glímir við undarlegt
 vandamál þessa dagana.
 Unnusta hans,
 Vanessa



Paradis, hefur
 skipað honum
 að losa sig við
 hattana sína
 þar sem þeir
 taka of mikið
 pláss í íbúðinni þeirra í París.
 Depp er þekktur fyrir að vera
 mikill áhugamaður um hatta og
 hefur meira að segja verið
 útnefndur „hattamaður ársins“
 í fjölmiðlum. Depp er sagður
 kaupa nokkra hatta í hverri
 viku og kunningi parsins segir
 að Paradis hafi fengið nógg þegar
 hann kom heim með hatt sem
 hann keypti af útgangsmanni.

Framleiðendur myndar-
 innar Cry Macho fullyrða

að vandræðin í einkalífi
Arnolds Schwarzenegger muni
 ekki hafa
 nokkur áhrif á
 myndina. Cry
 Macho verður
 endurkoma
 Schwarzenegg-
 er í aðalhlut-
 verk á hvíta
 tjaldinu, en fyrir í mánuðinum
 var greint frá því að hann væri
 að skilja við eiginkonu sína,
 Maríu Shriver. Þá kom í ljós að
 ríkisstjórnin eignaðist barn
 með fyrrum aðstoðarkonu sinni
 fyrir meira en áratug. „Þetta
 verður ekki glóðarauga fyrir
 mann með svona svakalegan
 feril að baki,“ sagði framleið-
 andinn Albert Ruddy.



Leonardo DiCaprio
 virðist ekki ætla að vera
 lengi að jafna sig á skilnaðinum
 við ísraelsku ofurfyrirsætuna
 Bar Refaeli.



Hjartaknúsar-
 inn var
 myndaður með
 leikkonuna
 Blake Lively úr
 Gossip Girl upp
 á arminn á
 snekkju á Cannes-kvikmynda-
 hátíðinni sem er nú í gangi.
 DiCaprio er 37 ára en Lively 23
 ára og nú veltir slúðurpressan
 því fyrir sér hvort hér sé að
 myndast nýtt stjörnuþar.
 Aðeins eru liðnir nokkrir dagar
 síðan DiCaprio og Refaeli hætta
 saman, en þau voru búin að
 vera saman í um sex ár.

Stórleikkonan Angelina
 Jolie talar afar vel um
 bresku söngkonuna **Cheryl**
Cole og segir hana hafa alla
 burði til að slá í gegn í Holly-
 wood. Cole hóf nýverið störf
 sem dómari í



bandarísku
 útgáfunni af
 raunveruleika-
 þættinum X
 Factor og segir
 Jolie hana vera
 „afar fallega“ og
 að hún sé búin að „hrista vel
 upp í hlutunum“ vestanahafs.
 Óskarsverðlaunaframleiðand-
 inn Harvey Weinstein sagðist
 sömuleiðis hafa mikinn áhuga
 á að fá Cole í mynd hjá sér. Nú
 er bara að sjá hvort Cheryl Cole
 er næsta stórstjarna Hollywood.

KVIKMYND

Drive Angry

Leikstjóri: Patrick Lussier.

Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Amber Heard og William Fichtner

Lengd: 104 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.

Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Egilshöll.



Keyrði glaður heim

Ég ætla ekki að fara mikið út í söguþráðinn á Drive Angry. Það er mjög langt síðan ég sá aðra eins vitlægsu. Handritshöfundar myndarinnar hafa örugglega skemmt sér vel við að skrifa þetta því ég stórefa að þeim hafi verið alvara. Þráðurinn í gegnum myndina er fyrst og fremst hefnd. Inn í það blandast svo þetta klassíska, ung stúlka sem á engan að, heimskar löggur og hasaratriði sem meika ekkert sens. Til að toppa þetta allt saman er mikið um svokallað bílarúnk. Það er vinsælt þessa dagana í Hollywood. Ég veit ekkert um bíla og því gerir það ekkert fyrir mig að sjá nýbónaðan '65 Mustang. Eina sem ég veit er að það er töff þegar það stendur eitthvað upp úr húddinu. Þá veit ég að þetta er hraðskreiður foli.

Fyrst og fremst grínmynd

Til þess að geta þolað Drive Angry þarf maður að fara með því hugarfari að maður sé að fara að horfa á grínmynd. Ef þú gerir það þá áttu eftir að hafa

gaman. Ef þú gerir það ekki þá er best að sitja heima. Nicolas Cage er aðalmaðurinn í þessari mynd. Hann er enginn stórleikari en hann hefur eitthvað sem áhorfandinn kann að meta. Hann er flottur í þessari mynd. Hann talar lágt og svona hvæsir á fólk sem maður í hans stöðu verður að gera. Ég skemmti mér allavega virkilega vel yfir þessu öllu.

Í myndinni eru atriði sem fengu mig til þess að vilja einfaldlega standa upp og klappa. Þau voru bara of góð. Ég mæli hiklaust með henni fyrir þá sem vilja mikinn hasar og ekki miklar þælingar. Í lokin náði myndin svo nýjum hæðum í nettleika og maður spyr sig, er hægt að enda mynd á svalari hátt?

Tómas Leifsson



TÖLVULEIKUR



L.A. NOIRE

Gerð: Hasarleikur

Form: PS3 og Xbox 360

Aldurstakmark: 18+

Framleiðandi: Rockstar Games

Dómar: Gamespot: 9,0 / IGN: 8,5 / Eurogamer: 8,0



Djass, dóp, spilling og dráp

Þegar Rockstar-fyrirtækið gefur út leiki þá er yfirleitt ástæða til að reima fast á sig strigaskóna og hlaupa eins og vindurinn í átt að eintaki. Það er einmitt málið með nýjasta leik fyrirtækisins, L.A. Noire. Leikurinn gerist í Los Angeles á fimmta áratugnum, en á þessum árum var borg englanna uppfull af spillingu, eiturflyfjum, flottri tónlist og spennandi persónum.

Klifid upp metorðastigann í löggunni

Í L.A. Noire fara leikmenn í hlutverk lögreglu-mannsins Cole Phelps, en hann er nýkominn heim úr stríðinu og er tekinn inn í lögregluna. Í upphafi leiksins er Phelps settur í götulögguna, en þegar líður á leikinn klifrar okkar maður upp metorðastigann og þarf að takasta á við flóknari glæpi á borð við morð, íkveikjur, dópsmygl og spillingu.

Spilun leiksins svipar mikið til Grand Theft Auto leikjanna, en leikmenn geta gengið um götur Los Angeles borgar, keyrt um á allskyns farartækjum, rífið upp byssu í mögnuðum hasaratriðum og látið hnefana tala í slagsmálum. Auk þessarra þátta þurfa leikmenn að yfirheyra grunaða, finna vísbendingar á vettvangi og rannsaka hvert mál í þaula. Öll sakamál leiksins eru byggð á raunverulegum málum sem gerir þau enn meira spennandi, en það tekur á bilinu 15-20 klukkustundir að klára söguþráð

leiksins og við það má bæta 5-10 klukkutímum ef leikmenn taka öll aukaverkefni leiksins að sér.

Lesið í andlit persóna

Grafík leiksins er mjög góð og frábært að sjá hvernig framleiðendur hans hafa náð að endurskapa Los Angeles borg, en hún er í raun stjarna leiksins og setur stemminguna. Leikurinn skartar nýrri skönnunartækni þar sem andlit leikara voru skönnuð inn og nýtist það mjög vel í yfirheyrslu-atriðunum, en þar þurfa leikmenn að lesa í andlit persónanna og hegðun þeirra og ákvarða útfrá því hvort viðkomandi sé að ljúga eða ekki.

Tónlist leiksins er góð og kemur manni í gírinn, en við erum að tala um slatta af klassískum djasslögum í bland við lög sem samin voru sérstaklega fyrir leikinn. Talsetningin er vel unnin og í þeim gæðum sem við er að búast frá Rockstar-fyrirtækinu.

Það er klárt að Rockstar fyrirtækið getur gert meira en að pumpa út Grand Theft Auto-leikjum. Það hafa þeir sannað með Red Dead Redemption og nú með L.A. Noire, þar sem allt er uppfyllt af djassi, dópi, spillingu og slatta af drápum.

Ólafur Þór Jóelsson



JORMA TACCONE, AKON OG ANDY SAMBERG

Vinsæl einmana eyja

Gríntríóið The Lonely Island nýtur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum um þessar mundir. Í síðustu viku gaf The Lonely Island út plötuna Turtleneck & Chain og stökk platan beint í þriðja sæti bandaríska Billboard-listans yfir mest seldu plötur landsins.

The Lonely Island er skipað leikaranum Andy Samberg úr grínþáttunum Saturday Night Live og félögum hans Akiva Schaffer og Jorma Taccone. Turtleneck & Chain inniheldur grínlög frá þeim tríóinu en mörg þeirra hafa birst í Saturday Night Live þáttunum og notið

vinsælda. Aðdáendur Steindans okkar ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með The Lonely Island, en hópurinn hefur verið Steinda mikil fyrirmynd í þeim lögum sem hann hefur gert í þáttum sínum.

Á meðal gestasöngvara á Turtleneck & Chain eru Snoop Dogg, Akon, Rihanna, Justin Timberlake, Nicki Minaj, Michael Bolton, John Waters og Beck. Íslendingar ætti síðan að kannast vel við lagið I Just Had Sex þar sem Akon syngur viðlagið, en það hefur notið mikilla vinsælda upp á síðkastið bæði hér á Íslandi og erlendis.



Pet Shop Boys hita upp!

Take That í Parken

15.-17. júlí

Flug og miði á tónleikana aðeins:

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á Take That í Parken 16. júlí nk.

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir



Stelpur og strákar!

Loksins er komin lausn sem skilar árangri í baráttunni gegn bólu

Í Proactiv® Solution, þriggja þrepa bólu- og húðhreinisakerfinu, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og frískri.

Vegna þess hve örugg við erum um að Proactiv® Solution sé rétta bólu- og húðhreinisakerfið fyrir þig bjóðum við þér að prófa það án áhættu og með skilaretti í allt að 60 daga. Þannig sannfærist þú um virkni Proactiv® Solution.

Við bjóðum þér að prófa Proactiv® Solution og erum fullviss um að þú náir sama árangri og milljónir ánægðir notendur um allan heim.

Ef þú nærð ekki árangri, þá færðu endurgreitt. Við lofum því.

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar á heilsubudin.is án áhættu!

proactiv SOLUTION Heilsubudin.is - bætt útlit, betri líðan

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

- REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDAPÓTEK, Sogavegi 108
- URDARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115
- LYFJAVER - Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11

DJ EQUAL
Vegamót
Föstudagur kl. 23



Íslendingar elska að dansa

Plötusnúðurinn DJ Equal kemur frá New York um helgina og þeytir skífum á Vegamótum. Hinn bandaríski Elliot spilar vikulega á helstu klúbbumum í New York og hefur meðal annars komið fram með stórstjörnum á borð við Jay-Z og Beyoncé. Hann segist spenntur fyrir komunni til landsins og hreifst mjög af landinu þegar hann kom hingað fyrst árið 2005. „Allir elska að dansa á Íslandi sem er frábært,“ segir hinn eitursvali Elliot sem stoppar þó stutt í þetta skiptið. „Ég flýg heim strax daginn eftir að ég spila á Vegamótum svo ég kemst því miður ekki að skoða neitt,“ útskýrir hann. Elliot segist spenntur fyrir að spila á Vegamótum og býst við að hip-hop og r&b tónlist verði aðallega spiluð um helgina. „Ég spila alls konar tónlist og takmarka mig ekki við neina tónlistarstefnu en ætli hip-hop og r&b fari ekki best í fólk um helgina,“ segir plötusnúðurinn frægi sem vonast til að enginn biði um óskalag. „Ef plötusnúðinum gengur vel þarf enginn að biðja um óskalag.“ Frítt er inn á gleðina og Dj Equal til halds og trausts verða þeir Benni B-Ruff og Jónas Jay-O.

fílófaxið

fimmtudagur 19 maí laugardagur 21 maí

föstudagur 20 maí sunnudagur 22 maí

SÖGUSTUND MEÐ BJARTMARI
Sódóma
21:00 Goðsögnin Bjartmar Guðlaugsson kemur fram vopnaður kassagítar og munnhöpu til að flytja vinsælustu lög sín fyrir tónleikagesti. Bjartmar mun einnig fara yfir sögur af 30 ára löngum ferli sínum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

PRÓFLOKADJAMM X-977
Sódóma
22:00 Tuborg kynnir Prófloka-djamm X-977 sem stendur yfir um helgina á Sódómu. Á seinna kvöldinu koma fram hljómsveitirnar Vigri, Vicky, Endless Dark og Ultra Mega Technobandið Stefán. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

GRILLVEISLA X-977
Bar 11
19:00 Tuborg og Kjarnafæði kynna fyrstu grillveislu X-ins 977 í sumar þar sem heppnir hlustendur útvarpsstöðvarinnar næra líkama og sál. Hægt er að tryggja sér miða með því að hlusta á X-ið. Hljómsveitin Endless Dark treður upp eftir matinn.

FLÓAMARKAÐUR
Bakkus
14:00 Föt, tónlist og ódýrar veigar verða á boðstólnum á flóamarkaðnum á Bakkusi. Þeir sem vilja selja fíkur geta haft samband við Bakkus. bar@gmail.com.

PRÓFLOKADJAMM X-977
Sódóma
22:00 Tuborg kynnir Prófloka-djamm X-977 sem stendur yfir um helgina á Sódómu. Á fyrri kvöldinu koma fram hljómsveitirnar Morning After Youth, Postartica, Who Knew, Cliff Clavin og Swive. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

DÓMSDAGSDANSLEIKUR
Nasa
23:00 Hljómsveitirnar FM Belfast og Prins Póló efna til dansleiks í tilefni af dómsdagsspám þann 21. maí. Forsala miða fer fram á Midi.is og er miðaverðið þar 1.000 krónur. Aðgangseyrir er svo 1.500 krónur.

CARIBOU
Nasa
19:00 Tónleikar Caribou þykja mikið augna- og eyrnakon-fekt enda hefur hróður sveitarinnar aukist mikið á undanförunni ári. Sin Fang hitar upp og miðaverðið er 3.800 krónur. Miðasala fer fram á Midi.is.

LOKAPRÓFIÐ

19. maí 2011
MONITOR skólinn

Ég heiti Þrafurhildur Þallur Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í heimsreiðu með

Þú veist hver ég er af því að ég er útrarp-skona og svo var ég þulin í Eurovision-nina

Það kemur kannski á óvart en

a) Ég hef ekkert sérstaklega gaman af Eurovision.
b) Mér fannst íslenska Eurovision-lagið frekar leiðinlegt.
c) Ég vildi helst ekki að Ísland kæmist í úrslitakeppni Eurovision.
d) Það skemmtilegasta við að lýsa Eurovision var að fá að hitta gríska keppandann.

Besta íslenska Eurovisionlag allra tíma er

a) All Out Of Luck
b) Coming Home
c) Nina
d) Is It True
e) Það
Af því að það var gripandi og vel sungið

Besta Eurovisionlag allra tíma er All kinds of everything sem keppti fyrir Írland árið 1970

Ef ég væri ekki Hrafnhildur Halldórs vildi ég helst vera

a) Hrafnhildur Hafsteindóttir
b) Ragnhildur Steinunn
c) Ragga Gísla
d) Gísla Marteinn
Af því að hann er svo skemmtilegur

Uppáhaldsmaturinn minn er fiskur en ég borða alls ekki indverskan mat

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Elisabet Taylor til að leika mig en líklega yrði það samt Kathy Bates

Eiginhandararitunin mín lítur svona út: Þrafurhildur Þallur

Síðasta sms sem ég fékk var frá Astu og í því stóð Jess

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Verið góð hjert við einn

Í heimsreiðu með

a) Simma og Gísla Marteini
b) Adolfi Inga og Páli Magnússyni
c) Ragnhildi Steinunni og Evu Maríu
d) Ólafi og Dorrit
Af því að þau eru spennandi

Uppáhaldshljómsveit-in mín er Eagles og lagið Peaceful easy feeling með þeim fær mig til að syngja með

SATT OG ÓSATT

Jaaaaaaaaaaaaa!
S ó

Simmi var betri í Eurovision en Gísla Marteinn
S ó ☹️

Eurovision er lífið
S ó

Selma átti að sigra árið 1999
S ó

Eurovision smýst um klíkuskap
S ó

Vinir mínir kalla mig HABBY en þú mátt kalla mig HABBY

Núna langar mig mest í

a) Barn.
b) Bíl.
c) Belju.
d) Bongótrommur.
e) Buxur.

Síðast en ekki síst

» Gísl Baldur Gíslason, fjölmiðlamaður, fílar:

Kvikmynd Mínar uppáhalds-kvikmyndir eru eiginlega íþróttahæmildarmyndir. Ég er nánast búinn að horfa á alla ESPN 30 for 30 myndaseríuna og get mælt með langflestum þeirra, nema kannski hafnaboltamyndunum. Þær eru jafn leiðinlegar og íþróttin sjálf.

Þáttur Curb Your Enthusiasm er í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Enda fyndnasti þáttur allra tíma. Ég stend með Larry David í einu og svona nánast öllu.

Bók Síðasta bók sem ég las var Decoded eftir Jay-Z, sem er bæði eins konar sjálfsævisaga hans og textabók. Bókin er fróðleg og góð – skyldueign á öllum sönnun menningarheimilum.

Plata Platan Pólýfónía með Apparat er meira og minna búin að vera í spilaranum síðan ég keypti hana fyrir jól. Óhætt að mæla með henni.

Vefsíða Ég hef verið á Twitter í rúm ár, en ekki verið mjög virkur þar nema síðustu mánuðina, síðan Íslendingar fóru að hrannast inn á vefinn. Twitter er stórfurðulegt fyrirbæri, en þar er nóg af íþróttamönnum og íþróttafréttamönnum sem hentar ákófum íþróttáhugamönnum eins og sjálfum mér ágætlega.

Staður KR-völlurinn í Frosta-skjóli er fallestasti staður landsins. Og hann verður bara fallesti þegar Íslandsmeistaratiðinn fer á loft þar í haust.

SUMARTILBOÐ


1000 VINNINGAR Í ALLT SUMAR

**Komdu strax,
leikurinn er hafinn!
Kortið gildir til 31. ágúst.
Verð aðeins 19.900 kr.**

2 fyrir 1 á Serrano fylgir með sumarkortum á meðan birgðir endast.

Í hvert sinn sem þú mætir getur þú átt von á góðum vinningi.

Allir korthafar í Hreyfingu geta tekið þátt í leiknum.



HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



0 kr.
að hringja innan
kerfis Símans
með 1.990 kr.
áskrift.*

Vertu í góðum gír með Caribou!

Caribou verður á Nasa á 22. maí nk. Við gefum að sjálfsögðu nokkra miða á Facebook-síðunni okkar næstu daga.

Fylgstu með á [facebook.com/ringjarar](https://www.facebook.com/ringjarar)

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

*1.500 mín/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi